

Laugalandi, 9. mars 1999

Til umhverfisnefndar Alþingis

Alþingi
Erindi nr. P 123/1440
komudagur 9.3.1999

Efni: Frumvarp til laga um náttúruvernd. Lagt fyrir Alþingi á 123. löggjafarþingi 1998-99.

Undirritaður vill koma eftirfarandi athugasemdum á framfæri varðandi Frumvarp til laga um náttúruvernd.

Í 7. grein frumvarpsins er kveðið á um skipan í Náttúruverndarráð. Í ljósi laganna og hlutverka sveitarfélaga er rétt að benda á að eðlilegt væri að sveitarfélög tilnefndu fulltrúa sinn í Náttúruverndarráð. Það kemur skýrt fram í athugasemdum með frumvarpinu að ein helsta breyting og nýmæli þessara laga sé einmitt sú að ábyrgð heimamanna á framkvæmd náttúruverndarlaga sé aukin. Þessi málaflokkur, náttúruvernd, snertir sveitarfélögin ekki síður en aðra þá aðila sem upp er talinn í 8. grein og hafa skv. frumvarpinu tilnefningarrétt í ráðið. Eðlilegt væri að sveitarfélögin tilnefndu tvo aðila í ráðið, s.s. af Sambandi ísl. sveitarfélaga, og annar þeirra aðila kæmi frá dreifbýlissveitarfélagi.

Rétt er að benda einnig á það, að sveitarfélög hafa heldur ekki fulltrúa á náttúruverndarþingi, skv. frumvarpinu. Þetta verður að teljast einkennilegt.

Í III. kafla frumvarpsins er kveðið á um almannarétt, umgengni og útivist. Með þessu frumvarpi er verið að rýmka rétt almennings mjög mikið gagnvart umferð og dvöl hvort sem um er að ræða þjóðlendur eða einkalönd. Nauðsynlegt er að tryggja sem best öryggi og hagsmuni eignaraðila þegar um er að ræða s.s. skógræktarlönd og beitarlönd búfjár. Mikið hefur verið lagt að bændum hvað varðar lausagöngu búfjár og lagt hart að sveitarstjórnnum í mörgum tilfellum, að banna lausagöngu búfjár. Við verðum að átta okkur á þeirri hættu sem getur skapast, og hagsmunarárekstra, ef full tillitsemi er ekki viðhöfð við umgengni beitarlanda. Í raun og veru verður þá ekki hægt að krefjast þess að lausaganga búfjár verði bönnuð. Við getum ekki bara rýmkað aðgengi á kostnað og áhættu bænda hvað þetta varðar. Ábyrgðin verður þá að vera gagnkvæm.

Í IV. kafla frumvarpsins er fjallað um rekstur náttúruverndarsvæða. Hvað varðar umsjón með náttúruverndarsvæðum, koma sveitarfélög ekkert að þeim þætti, þó eðlilegt sé, að svo væri. Í 30. grein kemur fram að Náttúruvernd ríkisins geti falið einstaklingum eða lögaðilum umsjón og rekstur náttúruverndarsvæða. Í slíkum tilvikum skal gera sérstakan samning sem umhverfisráðherra staðfestir. Það hlýtur að teljast eðlilegt að sveitarfélög samþykki eða starfesti slíkan samning, þar sem, skv. frumvarpinu, skal samningurinn kveða á um réttindi og skyldur samningsaðila, **MANNVIRKJAGERÐ Á SVÆÐUNUM OG AÐRAR FRAMKVÆMDIR**, landvörslu m.m. Þessir hlutir geta engan veginn gengið svona. Hérna er verið að taka á þáttum sem ekki er hægt að halda sveitarstjórnnum utan við!!

Í VII. kafla er tekið á friðlýsingu náttúruvænna. Í 51. grein frumvarpsins kemur fram að umhverfisráðherra geti, að fengnum tillögum eða álitum Náttúruverndar ríkisins m.fl., lýst landsvæði sem þjóðgarði án þess að samráðs eða umsagnar sé leitað til sveitarfélaga. Þessu er ekki hægt annað en að mótmæla. Þetta getur ekki talist eðlilegur framgangsmáti. Jafnframt ætti það að vera skylda að stofnuð verði ráðgjafanefnd í öllum slíkum tilvikum og að fulltrúar sveitarstjórna komi ávallt að slíkum málum. Við skulum ekki gleyma því, að ef ákveðið landsvæði er gert að þjóðgarði hefur það í öllum tilvikum mikil áhrif hvað varðar nýtingu landsins. Sveitarstjórnir gæta hagsmuna sinna íbúa/umbjóðenda og eiga þar af leiðandi að hafa greiðan aðgang að málum sem þessum.

Að lokum vill undirritaður lýsa undrun sinni á því hvað frumvarp sem þetta og breyting á skipulags- og byggingarlögum lúta að því að halda sveitarstjórnunum á viðkomandi svæðum frá málum. Undirrituðum finnst þetta orðið full rammur keimur og undrar sig á þessari sterku tilhneigingu. Ef við lítum t.d. á hvernig nefndir hafa verið skipaðar varðandi þetta frumvarp, þá tilnefndi samband ísl. sveitarfélaga skrifstofustjóra borgarstjórnar í þessa nefnd, sem vinna skyldi að endurskoðun efnisákvæða náttúruverndarlaga nr. 93/1996. Ekki hefur sveitarstjórnarmaður landsbyggðarinnar komið að þessu máli, né t.d. frumvarpinu um skipulags- og byggingarlög, sem lögsett var 1997.

Með vinsemd og virðingu,

Valtýr Valtýsson
Meiri-Tungu 1
851 Hella